

Starfsmenntasjóður verslunarinnar

Ársreikningur

2016

Starfsmenntasjóður verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
kt. 421001-2270

Starfsmenntasjóður verslunarinnar

Ársreikningur

2016

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Starfsmenntasjóðs verslunarinnar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsmenntasjóð verslunarinnar fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsmenntasjóði verslunarinnar. Í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórn og stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og stjórnendur eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og stjórnendur eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og stjórnendur ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsmenntasjóðs verslunarinnar. Ef við á, skulu stjórn og stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Næganlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórn og stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar. Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 21. júní 2017.

Deloitte ehf.



Pálína Árnadóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstrarafgangur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar á árinu 2016 nam kr. 14.439.877 Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins kr. 145.052.798, bókfært eigið fé í árslok er kr. 145.201.598 og er eiginfjárhlutfall félagsins 99%.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Starfsmenntasjóðs verslunarinnar að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Starfsmenntasjóðs verslunarinnar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. júní 2017

Í stjórn

~~UNDRIRTEKINGAR~~
Anna K. Kristjansd.
Selma Kristjánsdóttir
Þjarnar Láraudóttir

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Iðgjöld		38.524.980	25.805.245
Úthlutaðir styrkir	3	<u>(26.437.562)</u>	<u>(10.131.200)</u>
Iðgjöld umfram styrki		12.087.418	15.674.045
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		<u>(2.588.522)</u>	<u>(2.988.536)</u>
Rekstrarhagnaður		9.498.896	12.685.509
Fjármunatekjur	4	6.175.583	4.511.792
Fjármagnstekjuskattur		<u>(1.234.602)</u>	<u>(901.900)</u>
Rekstrarafgangur ársins		<u><u>14.439.877</u></u>	<u><u>16.295.401</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	5	2.804.247	4.294.282
Handbært fé	5	143.248.551	126.467.439
		<u>146.052.798</u>	<u>130.761.721</u>
Eignir		<u>146.052.798</u>	<u>130.761.721</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnframlag VR	6	8.964.350	8.964.350
Óráðstafað eigið fé		136.237.248	121.797.371
Eigið fé		<u>145.201.598</u>	<u>130.761.721</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	7	851.200	0
Skuldir		<u>851.200</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir		<u>146.052.798</u>	<u>130.761.721</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		9.498.896	12.685.509
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda		2.341.235	(3.174.734)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>11.840.131</u>	<u>9.510.775</u>
Innborgaðaðar vaxtatekjur		6.175.583	4.511.792
Greiddir vextir		(1.234.602)	(901.900)
Handbært fé frá rekstri		<u>16.781.112</u>	<u>13.120.667</u>
Hækkun handbærs fjár		16.781.112	13.120.667
Handbært fé í upphafi árs		126.467.439	113.346.772
Handbært fé í lok árs		<u><u>143.248.551</u></u>	<u><u>126.467.439</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunarinnar var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli VR og LÍV annars vegar og FA hins vegar sem tók gildi þann 1. febrúar árið 2000.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Innheimt iðgjöld á tímabilinu eru tekjufærð sem iðgjöld tímabilsins. Óinnheimt iðgjöld í árslok 2016 eru ekki reiknuð.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Helstu aðilar sem eru tengdir félaginu eru VR og FA

3. Styrkveitingar

Úthlutaðir styrkir skiptast þannig:

Styrkir til starfsmanna aðildarfyrirtækja:	2016	2015
VR	21.463.320	7.379.488
FVSA	144.093	190.412
Fræðslustjóri að láni	1.290.000	0
Fræðslustyrkir FA	3.540.149	2.561.300
Samtals úthlutaðir styrkir	26.437.562	10.131.200

Skýringar

4. Fjármunatekjur

	2016	2015
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	6.173.056	4.509.530
Vaxtatekjur af félagsgjöldum og iðgjöldum	2.527	2.262
	<u>6.175.583</u>	<u>4.511.792</u>

5. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2016	31.12.2015
Lífeyrissjóður Verslunarmanna	2.804.247	3.448.068
F.V.S. Akureyri	0	46.697
VR	0	799.517
	<u>2.804.247</u>	<u>4.294.282</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2016	31.12.2015
Bankainnstæður	143.248.551	126.467.439
	<u>143.248.551</u>	<u>126.467.439</u>

6. Eigið fé

	Stofnfé VR	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2015	8.964.350	105.501.970	114.466.320
Rekstrarafgangur/(tap) ársins	0	16.295.401	16.295.401
Eigið fé 31.12.2015	8.964.350	121.797.371	130.761.721
Rekstrarafgangur/(tap) ársins	0	14.439.877	14.439.877
Eigið fé 31.12.2016	<u>8.964.350</u>	<u>136.237.248</u>	<u>145.201.598</u>

7. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2016	31.12.2015
Skuld við VR	819.112	0
Skuld við F.V.S Akureyri	32.088	0
	<u>851.200</u>	<u>0</u>

Skýringar

8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2016:	Iðgjöld	Úthlutaðir styrkir	Kröfur	Skuldir
VR	7.569.114	21.463.320	0	819.112
Lífeyrissjóður verslunarmanna	30.276.443	0	2.804.247	0
	<u>37.845.557</u>	<u>21.463.320</u>	<u>2.804.247</u>	<u>819.112</u>
Viðskipti við tengd félög árið 2015:	Iðgjöld	Úthlutaðir styrkir	Kröfur	Skuldir
VR	5.017.338	7.379.488	799.517	0
Lífeyrissjóður verslunarmanna	20.175.985	0	3.448.068	0
	<u>25.193.323</u>	<u>7.379.488</u>	<u>4.247.585</u>	<u>0</u>